

# MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf

Framsóknarflokks, Lista Kópavogsbúa og Sjálfstæðisflokks  
í bæjarstjórn Kópavogs 2012 – 2014

Málefнасamningurinn er grundvallaður á stefnuskrám flokkanna fyrir sveitarstjórnarkosningar 2010 en tekur jafnframt mið af því að hann er gerður þegar kjörtímabilið er hálfnað og í kjölfar þess að meirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna, Næst besta flokksins og Lista Kópavogsbúa hætti að starfa saman. Eftirfarandi atriði verða meginverkefni þáð sem eftir er af kjörtímabilinu:

## Skóla- og menntamál

- Greining verði gerð á leik- og grunnskólum og annarri menntastarfsemi sem bæjarfélagið kemur að með tilliti til þjónustu og reksturs.
- Nýr leikskóli í Vatnsenda/Rjúpnahæð verði tekinn í notkun árið 2013.
- Fyrirkomulag dægradvalar í grunnskólum verði endurskoðað m.a. með það í huga að auka aðkomu íþrótt- og tómstundafélaga að starfseminni.
- Vinna skal að því, í samráði við hagsmunaaðila (MK og mennta- og menningarmálaráðuneytið), að framhaldsskóli verði í Kórahverfi.

## Félagsmál

- Félagslegum leiguíbúðum verði fjölgað.
- Þjónustusamningar um málefni fatlaðra verði endurskoðaðir.
- Bærinn styðji við atvinnuleit einstaklinga.
- Lögð verði áhersla á að þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar fái stuðning til aukinnar virkni.

## Æskulýðs- og íþróttamál

- Endurskoða skipan mála við íþrótt- og tómstundafélög og ljúka samningum við þau, með hliðsjón af samkomulagi sem þau hafa náð m.a. um þjónustusvæði.
- Farið verði yfir rekstur íþróttamannvirkja með aukna hagkvæmni í huga. Sérstaklega verði skoðað hvort betur megi nýta minni húsin fyrir yngstu aldurshópana.
- Reglur um úthlutun tómstundastyrkja verði endurskoðaðir með það að markmiði að fjölga valkostum.
- Greining verði gerð á rekstri félagsmiðstöðva.
- Opna fyrir tilnefningar á íþróttakarli og íþróttakonu sem Kópavogsbúar geta tilnefnt.
- Leitað verði eftir samstarfi innríkisráðuneytis um forvarnir í skólum bæjarins.

## Málefni aldraðra

- Hafin verði stefnumótunarvinna vegna yfirfærslu málefna aldraðra frá ríki til sveitarfélaga.
- Framkvæmdir verði hafnar á byggingu hjúkrunarrýma í Boðarþingi á árunum 2012-2013.
- Leita verði leiða til að hraða endurbótum á Sunnuhlíð til að fjölga hjúkrunarrýmum.
- Efla tækifæri aldraðra til hreyfingar og hvers kyns afþreyingar t.d. með heilsueflandi starfi í félagsmiðstöðvum þeirra.
- Úttekt á aðstæðum og þjónustu við aldraða í heimahúsum.

OS AS

## Málefni fatlaðra

- Málefni fatlaðra yfirfarin í ljósi nýrrar reglugerðar sem og heildarumfang þessa málaflokks með tilliti til góðrar þjónustu um leið og hagkvæmni er gætt.
- Þjónustuíbúðum geðfatlaðra fjölgað í samstarfi við ríkið.
- Endurskoða frístundatilboð fatlaðra í sveitarfélaginu.

## Menningarmál

- Menningarráði verði falið að endurskoða hvernig best verði staðið að hátíðahöldum og stærri viðburðum í bænum.
- Leitað verði samstarfs um rekstur Héraðsskjalasafns við nágrannasveitarfélög.
- Efla menningar- og listfræðslu í skólum Kópavogs.

## Skipulags- og umhverfismál

- Vinnu við nýtt aðalskipulag verði lokið fyrir árið 2013.
- Breyta skipulagi á Glaðheimareitnum. Söluferli hefjist sem fyrst á hluta eða öllu svæðinu.
- Ljúka skipulagi á Kópavogstúni og hefja sölu á lóðum þar.
- Stefnt er að því að fyrirtæki haldi áfram að bæta umhverfi sitt og nýtingu aðfanga.
- Átak verði gert í fegrun og snyrtingu bæjarins.
- Leitað verði allra leiða til að framkvæmdir geti hafist við gerð Arnarnesvegar.
- Farið verði í söluáttak á lóðum.

## Stjórnsýslan

- Stofnuð verði hverfaráð.
- Hafin verði stefnumótunarvinna vegna yfirfærslu á heilsugæslu.
- Stjórnkerfi bæjarins endurskoðað með hagkvæmni og skilvirkni að markmiði.
- Úttekt á stjórnsýslu og fjármálum sveitarfélagsins.







## Fjármál

- Ábyrg fjármálastjórnun verði viðhöfð og áhersla lögð á niðurgreiðslu skulda.
- Fasteignagjöld á íbúðir og önnur gjöld endurskoðuð með lækkun í huga.
- Lóðaverð (þ.m.t. yfirtökugjöld) endurskoðuð sem og greiðslukjör og skilmálar.

## Atvinnu- og ferðamál

- Stuðningur við nýsköpun og frumkvöðlastarf í sveitarfélaginu.
- Haft verði frumkvæði að samvinnu ferðaþjónustuaðila á svæðinu.
- Unnið verði að stefnumótun ferðamála fyrir Kópavog, með tengingu við menningarstofnanir bæjarins, umhverfi, náttúruminjar og mannlíf.

Kópavogi 9. febrúar 2012.

 Armann Kr. Ólafsson	 Rannveig Ásgeirsdóttir	 Ómar Stefánsson
 Gunnar Ingi Birgisson	 Margrét Björnsdóttir	 Aðalsteinn Jónsson